

## Nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði 48. fundur.

Árið 2015, föstudaginn 26. júní kl. 12:00 kom nefnd um byggingu hjúkrunarheimilis á Ísafirði saman í fundarsal bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Mættir aðalmenn voru Sigurður Pétursson, formaður, Magnús Reynir Guðmundsson og Kristín Hálfðánsdóttir.

Jafnframt eru mættir, Ágúst Gíslason, byggingarstjóri, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Jóhann Birkir Helgason sem ritaði fundargerð.

### Þetta var gert:

#### 1. Fundargerðir 47. fundar nefndarinnar.

Fundargerðin lögð fram.

#### 2. Staða framkvæmda. 2011-12-0009.

Ágúst Gíslason, byggingarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda á Eyri. Verkið er 4 vikum á eftir áætlun. Lokaúttekt með Framkvæmdasýslu ríkisins og fleiri aðilum verður 30. júní 2015.

Lóðarframkvæmdir eru á áætlun. Stefnt er að malbikun bílaplans og göngustíga um 15. júlí.

*Nefndin þakkar kynninguna.*

#### 3. Önnur mál

Gísli Halldór, bæjarstjóri upplýsti nefndarmenn um stöðu láns vegna byggingarinnar. Verður lagt fyrir bæjarráð nk. mánudag.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:50.**

Sigurður Pétursson, formaður.

Magnús Reynir Guðmundsson

Kristín Hálfðánsdóttir.

Gísli Halldór Halldórsson  
Bæjarstjóri

Jóhann Birkir Helgason

Ágúst Gíslason